

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 21. september 2020
UST202003-253/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 10.6.2020, hjá Háafell ehf., Nauteyri


Þann 10. júní sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Háafells, Nauteyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Umhverfismarkmið rekstraraðila áttu að liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku nýs starfsleyfis. Umhverfismarkmið Háafells bárust 17. ágúst 2020. **Frávikinu telst lokið.**
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda ársyfirlit vegna undangengins almanaks árs fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit ársins 2019 barst 12. júní 2020. **Frávikinu telst lokið.**
3. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Grænt bókhald skal berast fyrir 1. maí árlega vegna undangengins almanaksárs. Grænt bókhald vegna 2019 barst 12. júní 2020. **Frávikinu telst lokið.**

Öllum þeim gögnum er vörðuðu framangreind frávik hefur verið skilað síðan vettvangsheimsóknin fór fram, og telst því öllum þremur frávikunum lokið og engra frekari úrbóta er krafist.

Virðingarfyllst



Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur



Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Háafell ehf.	Dags. eftirlits: 10.06.20	Staðsetning stöðvar: Nauteyri	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 520199-3149	Gildistími starfsleyfis: 31.01.35	Kvittun afhent: Já	Gerð stöðvar: Landeldi, að 800 tonnum.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Leyfi fyrir eldi að 800 tonnum var afhent í nóvember sl., þar til var 200 tonna leyfi í gildi. Skv. núgildandi leyfi er þó einungis heimild til eldis 200 tonna þar til frekari hreinsun hefur verið sett upp og frárennsli lagt út í sjó í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Framleiðsla hefur verið innan þessara marka og var skv. grænu bókhaldi tæp 50 tonn á árinu 2019. Lífmassi í stöðinni var um 30 tonn þegar eftirlitið fór fram og átti að setja seiðin út í sjókvíar Háafells í Ísafjarðardjúpi um mánaðamótin júní/júlí.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Búið er að skipta báðum olúgeymum út fyrir tvöfalda geyma. Setja á safnþró frárennslis í haust og útbúa í kjölfarið nýja eldislínu. Einnig verður þá í framhaldinu lögð frárennslislögn út í sjó og lífmassaheimild eykst úr 200 tonnum í 800 tonn. Komnir eru nýir klakskápar. Stórt útiker sem var tómt og safnaði bara drasli þegar eftirlit fór fram 2018 hefur verið tekið aftur í notkun. Settjörn var hreinsuð og dýpkuð í kjölfar eftirlits 2018.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 4.1. í starfsleyfi).	X			Aðgengilegt í gæðahandbók og excelskjölum.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Var skilað 12. júní 2020
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Grænt bókhald barst 12. júní 2020, ekki á að skila útstreymisbókhaldi.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Voru aðgengilegar í gæðahandbók. Uppfært áhættumat vegna nýrra olíutanka var sent eftirlitsaðila 15. júní sl.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Núgildandi váttryggingarskírteini er gilt til 1.9.20
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Aðgengileg í gæðahandbók á staðnum.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?		X		Hafa ekki verið send 13. ágúst. Skv. starfsleyfi áttu þau að liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum eftir útgáfu leyfis, og miðast það við afhendingardagsetningu leyfis. 25.11.19.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Magn fódurs reiknað út og gefið með klukkufóðrum og handfóðrað.
Er skráning á losun fósförs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Ekki hefur verið mælt í frárennsli. Losun var reiknuð frá fódurnotkun og bærust tölur með ársyfirliti. Ekki var gert ráð fyrir losun á föstu formi, heldur einungis uppleystu og hefur eftirlitsaðili óskað eftir uppfærðum útreikningum.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

<p>Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?</p>	X			<p>Ekkert óeðlilegt sást í frárennslis frá settjörn, hvorki olía eða froða, sorp eða aðskotahlutir né fiskur. Ekki varð vart við hitauppgufun né neina óeðlilega lykt.</p>
<p>Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.</p>	X			<p>Frárennslis rennur á tveimur stöðum út í settjörnina, við báðar útrásir rennur það í gegnum gildir sem forða slyssleppingum í settjörn. Eitthvað af skít og fóðurleifum verður eftir þar en annað fer í settjörn. Frá settjörn rennur frárennslis út í Hafnardalsá sem rennur svo nokkra metra til sjávar. Settjörnin var hreinsuð og dýpkuð eftir seinasta eftirlit og ætti sjávarfalla ekki að gæta í henni lengur. Skv. gr. 3.5 í nýju starfsleyfi átti að tæma settjörn ekki síðar en 15. maí 2020 og svo að minnsta kosti á 3 ára fresti. Þar nýtt leyfi tók ekki gildi fyrr en eftir settan tímafrest og þar sem búið var að stækka og hreinsa tjörnina eftir seinastu eftirlitsheimsókn telst þessu skilyrði uppfyllt. Hinsvegar bendir eftirlitsaðili á að á meðan settjörnin er í notkun skal hreinsa hana á amk. 3 ára fresti og skal næsta hreinsun því fara fram ekki síðar en í desember 2021.</p>
<p>Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).</p>	X			<p>Stöðvarhúsið stendur niður við sjó og frárennslis settjarnar rennur í Hafnardalsá nokkrum metrum ofar en hún rennur út í sjó.</p>
<p>Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.</p>	X			<p>Engin vöktun hefur farið fram á vatnsgæðum viðtaka. Botnsýni voru tekin 2015 og skv. vöktunaráætlun á að taka sýni næst 2021.</p>
<p>Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?</p>	X			<p>Eðlilegum afföllum er safnað í frysti og komið í urðun hjá Klflofningi reglulega. Bíll tekur afföll ef um massadauða er að ræða.</p>

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

				<p>Rekstraraðili skoðar að koma afföllum í meltu til að anna mögulegri aukningu vegna stækkunar.</p> <p>Skv. rekstraraðila er rekstraúrgangur, líkt og bókhaldsgögn á pappír, tættur og komið í endurvinnslu.</p>
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Í lagi.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.			X	Á ekki við.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.	X			TOC/COD/BOD ₅ og svifagnir skal mæla á a.m.k. þriggja ára fresti mæla skal við hámarkslífmassa á árinu 2021.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			<p>Skv. starfsleyfi og vöktunaráætlun verða TOC, svifagnir, lífrænar svifagnir, heildarfosfór og heildarköfnunarefni mælt við hámarkslífmassa 2021.</p> <p>Náttúrustofa Vestfjarða sér um sýnatöku og verða efnagreind hjá þriðja aðila.</p>

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Eitt frávik kom fram við eftirlit 2018 er varðaði virkni settjarnar. Tvær ábendingar voru gerðar varðandi umgengni og eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.

Samantekt:	<p>Klak- og seiðastöð fyrir lax og regnbogasilung þar sem hámarkslífmassi er 200 tonn þar til útrásarlögn frárennslis verður lögð út í sjó.</p> <p>Þrjú frávik komu fram við eftirlitið er varða skil á gögnum. Grænu bókhaldi og ársyfirliti skal skilað fyrir 1. maí ár hvert en barst 12. júní sl. vegna ársins 2019. Umhverfismarkmiðum átti að skila eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku leyfis, en þau bárust 17. ágúst sl.</p> <p>Eftirlitsaðili bendir á að hreinsa skal settjörn eigi síðar en desember 2021.</p> <p>Eftirlitsaðili bendir einnig á að skýrsla vegna umhverfsvöktunar undangengins árs skal berast með ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.</p>
Annað:	<p>Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækunar eða lækunar tíðni eftirlits.</p>

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

<p>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar fyrir tilkynningar um mengunaróhöpp þ.m.t. bráðamengun hafs og stranda sem rekstraraðili skal hafa til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlana. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili skal hafa þær til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlunar v. mengunaróhappa</p> <p>Rekstraraðili sendi inn upplýsingar v. skráningar olfugeyma á Nauteyri þann 10.júlí sl.</p> <p>Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var kynntur í tölvupósti eftir að eftirlitið fór fram.</p>
--

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háafell ehf. Nauteyri



Dags eftirlits	10.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Háafell ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Nauteyri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	520199-3149	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján G. Jóakimsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gauti Geirsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlitið er varða skil á ársyfirliti, grænu bókhaldi og umhverfismarkmiðum. Tvær ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Gengið var um seiðahús og klakaðstaðan skoðuð. Útiker, aðstæður við útrás í settjörn og úr settjörn voru einnig skoðaðar.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlits
- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur, frávík, ábendingar og úrbætur
- Farið yfir nýtt starfsleyfi
 - o Skiladagsetningar skv. leyfi
- Umfang stöðvarinnar
 - o 2018
 - o 2019
- Skráningar sbr. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og gr. 4.1 í nýju starfsleyfi
 - o Fóðurmagn og fóðurnýting
 - o Kvittanir
 - o Losun næringarefna sbr. meðfylgjandi skjal
 - o Bilanir, óhöpp eða kvartanir
 - o Allur úrgangur, spilliefni, hreinsiefni og lyf
- Úrgangur, spilliefni og lyf
 - o Meðhöndlun og skráningar
 - Mengandi efni
 - Dauðfiskur
 - Annar úrgangur
- Ársyfirlit og grænt bókhald, skil 1. maí sl.
- Áætlanir, tilkynningar og markmið
 - o Umhverfismarkmið sbr. gr. 2.1
 - o Umhverfisstjórnunarkerfi sbr. gr. 2.4
 - o Neyðar- og viðbragðsáætlanir v. rekstrarstöðvunar sbr. gr. 1.6 og 2.6
 - o Áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar sbr. gr. 2.5
 - o Trygging v. bráðamengunar sbr. gr. 2.9
 - o Tilkynningar um mengunaróhöpp. sbr. gr. 2.8
- Frárennsli
 - o Hreinsun
 - o Vöktunaráætlun/mælingar
- Skráning olfugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Skoðun starfstöðvar og aðbúnaður
 - o Útrás frárennslis
 - o Umgengni

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

gr. 2.1 í starfsleyfi

Umhverfismarkmið rekstraraðila áttu að liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku nýs starfsleyfis. Umhverfismarkmið Háafells bárust 17. ágúst 2020 og frávikinu telst því lokið.

gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda ársyfirlit vegna undangengins almanaks árs fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit ársins 2019 barst 12. júní 2020 og frávikinu telst því lokið.

gr. 4.5 í starfsleyfi

Grænt bókhald skal berast fyrir 1. maí árlega vegna undangengins almanaksárs. Grænt bókhald vegna 2019 barst 12. júní 2020 og frávikinu telst því lokið.

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili bendir á að hreinsa skal settjörn eigi síðar en desember 2021.

Eftirlitsaðili bendir einnig á að skýrsla vegna umhverfissvöktunar undangengins árs skal berast með ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.

ANNAÐ

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar fyrir tilkynningar um mengunaróhöpp þ.m.t. bráðamengun hafs og stranda sem rekstraraðili skal hafa til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlana. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili skal hafa þær til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlunar v. mengunaróhappa.

Rekstraraðili sendi inn upplýsingar v. skráningar olúgeyma á Nauteyri þann 10.júlí sl.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var kynntur í tölvupósti eftir að eftirlitið fór fram.

Yordan Yordanov var einnig viðstaddur eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.09.2020


Hulda Soffía Jónasdóttir